

Gátlisti fyrir umsjónarmenn nemenda á Landspítala

Gátlisti fyrir nemendur

Umsjónarmaður í skóla/á Landspítala sendir nemum skjalið [Gátlisti fyrir nemendur á Landspítala](#)

Heilsuvernd

Í gátlista er hlekkur á upplýsingablaðið [Heilsuvernd – Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala](#) – í því kemur fram hvaða bólusetningar og önnur heilsufarspróf þarf að uppfylla áður en verknám hefst.

Ef nemi er erlendir: [International students at Landspitali - Health certificates](#)

Komi nemar í verknám á eigin vegum, þ.e. ekki í gegnum skipulagt verknám skóla þá er umsjónarmaður á Landspítala ábyrgur fyrir því að nemar uppfylli kröfur um heilsuvernd.

Þagnarskylda og sjúkraskrárupplýsingar

Umsjónarmaður fræðir nemendur um þagnareið og reglur er varða notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala, sér til þess að nemi skrifi undir [bagnarskyldu](#) og [yfirlýsingu vegna aðgangs að sjúkraskrárkerfum Landspítala](#) með eigin hendi áður en verknám hefst. Skönnuð eintök eru fullgild.

Skráning í nemaskrá

Umsjónarmaður fyllir út [skráningareyðublað](#) og sendir til menntadeilda á nemar@landspitali.is Ef um er að ræða stóra nemahópa er hægt að fá (Excel) skráningarform til útfyllingar með því að senda beiðni um það á sama neftang. Verkefnastjóri á menntadeild skráir nema í nemaskráningarkerfi sem tengist aðgangskerfi og er forsenda útgáfu auðkenniskorta.

Auðkenniskort*


Íslenskur/íslenskumælandi nemandi gerir sjálfur beiðni um auðkenniskort í beiðnakerfi: [audkenniskort.landspitali.is](#)

Ef nemandi er erlendir gerir umsjónarmaður beiðni um auðkenniskort fyrir hans hönd þar sem beiðnakerfið er einungis í boði á íslensku. *Sjá nánar [gæðaskjal 2.09.01 Auðkenniskort fyrir nemendur og kennara á Landspítala](#) Frekari upplýsingar á audkort@landspitali.is og í s. 543-1880

Aðgangur að tölvukerfum

Nemi stofnar Leynihólf þegar hann er kominn á námsdeildina en í því verða framvegis aðgangsorð hans að rafrænum kerfum á Landspítala:

1. Nemi fer á innri vef Landspítalans (<https://innri.lsh.is/>) í Landspítalatölvu og velur þar *Leynihólf*.
2. Nemi skráir sig inn með rafrænum skilríkjum og þá opnast leynihólf. Þar eru lykilordin að þeim kerfum sem hann fær aðgang að.
3. Ef nemi lendir í vandræðum með leynihólf eða aðgang að rafrænum kerfum sendir hann póst á adgangur@landspitali.is eða hringir í þjónustuver HUT 543-1550.



The screenshot shows the Landspítali intranet homepage. At the top, there's a red header bar with the Landspítali logo and a search bar. Below the header, there's a banner with a photo of the Landspítali building and some text. The main content area has a light blue background. It features a navigation menu with categories like GÁTTIR, BENTAD EFNINU, FLÝTILEIDIR EFTIR FLOKKUM, KLINÍK, and NEYD. Under each category, there are several links. The link 'Leynihólf' under the 'GÁTTIR' category is circled in red.

Erlendir nemar með gervi-kennitölu og þ.a.l. ekki með rafræn skilríki:

Verkefnastjóri á menntadeild býr til gervi-kennitölu og skráir nema í nemaskráningarkerfi.

Umsjónarmaður/yfirmaður á deild stofnar leynihólf í gegnum [Vörð - aðgangskerfi](#) fyrir nema á sama hátt og gert er þegar nýr starfsmaður byrjar á deild. Nánari upplýsingar um aðgangsmál má finna á [HUT gátt](#).

Gátlisti fyrir umsjónarmenn nemenda á Landspítala

Hagnýtar upplýsingar:

Mötuneyti: Nemar hafa aðgang að mötuneytum Landspítala meðan á verknámi stendur. Auðkenniskort virkar afslátt af framreiddum mat í mötuneytum spítalans. Ekki er veittur afsláttur af vörum í kæli og sjálfsafgreiðslu. Nemar eru í launalausum verknámi og þurfa að staðgreiða í mötuneytum.

Samgöngur og bílastæði við Hringbraut og í Fossvogi: Best er að nota umhverfisvænan ferðamáta til og frá Landspítala. Komi nemi á einkabíl þá er nauðsynlegt að kynna sér upplýsingar um fyrirkomulag bílastæða við Landspítala á Hringbraut. Í mjög stuttu máli gildir eftirfarandi á meðan nemi er í verknámi:

- Heimilt er að leggja gjaldfrjálst í svokölluð „fjærstæði“ sem merkt eru með bláu á kortinu [sjá hér](#) en þá þarf nemi að skrá bílnúmerið sitt hjá [GreenParking](#). Nemi verður að vera með virkt auðkenniskort til að geta gert það.
- Hleðslustæði ON og nærstæði sem merkt er með rauðu á kortinu eru ávallt gjaldskyld, [sjá hér](#) og nemi þarf alltaf að greiða fyrir að leggja í slík stæði þótt hann hafi skráð bílnúmerið sitt hjá [GreenParking](#).
- Ítarlegar upplýsingar um bílastæði Landspítala við Hringbraut og kort af bílastæðum er að finna [hér](#).

Við Landspítala í Fossvogi eru bæði gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði. Ætlast er til þess að bæði starfsfólk og nemar leggi í ógjaldskyld stæði. Gjaldskyld stæði næst spítalanum eru ætluð sjúklingum og aðstandendum þeirra.

Tryggingar

Samkvæmt IV kafla 29. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 er nemandi sem stundar nám á Landspítala slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemar í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á Landspítala.

Nánari upplýsingar: nemar@landspitali.is